


Náttúruskóli

Þróunarverkefni Grunnskóla Vestmannaeyja 2009-2012



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Grunnskóli Vestmannaeyja

Nafn verkefnis: Náttúruskóli

Verkefnisstjóri: Bryndís Bogadóttir

Markmið

Markmið verkefnisins voru:

- Að efla umhverfisvitund nemenda og gera þá meðvitaðri um umhverfi sitt og heimabyggð.
- Að miðla fróðleik um náttúru Vestmannaeyja gegnum veraldarvefinn.
- Að efla áhuga og námsgleði nemenda.
- Að efla flæði milli skólastiga svo samfella skapist í námi.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Veturinn 2008-2009 vann þróunarhópur innan Grunnskóla Vestmannaeyja að hugmyndum um að auka hlut náttúrufræði í kennslu. Hópurinn fór yfir námsefni í náttúrufræði og samræmdi það markmiðum í nýrri Aðalnámsskrá. Einnig sá hópurinn um að undirbúa og stjórna tveimur náttúrudögum sem þá voru að vori. Þegar þeirri þróunarvinnu lauk var áhugi fyrir því að halda áfram með verkefnið og útfæra það enn frekar út frá hugmyndafræði útikennslu.

Haldið var áfram að þróa þessa tvo náttúrufræðidaga og voru þeir færðir frá vori til septemberbyrjunar. Hver árgangur fær úthlutað ákveðnu svæði eða umhverfisstíg á Heimaey til að vinna með á eigin forsendum þ.e. nemendahópurinn ákveður sjálfur hvað hann vill skoða á svæðinu og hvernig hann vill vinna með það. Nemendur undirbúa þannig vettvangsferð í samráði við kennara og vinna úr þeim upplýsingum sem þar er aflað, eftir að í skólann er komið aftur, en slík vinnubrögð auka virkni og þátttöku nemenda.

Umhverfisstígar á náttúruvísindadögum:

1. bekkur: Þórsheimili, Herjólfsdalur, Mormónapollur, tjörninn - fuglar, gróður
2. bekkur: Hásteinn, spranga, Sýslumannskór, Náttúrugripasafn - gróður, jarðfræði
3. bekkur: Klauf, Stórhöfði - smádýr, fjörugróður og annar gróður
4. bekkur: Skansinn - byggingar og saga, dýralíf (fuglakíkir)
5. bekkur: Gamla-hraunið, Ofanleiti og skátastykki - plöntur, jarðfræði, saga
6. bekkur: Pompei/Eldheimar, gígur Eldfells, - jarðfræði
7. bekkur: Skiphellar, Skansfjara, smábátabryggja - lífríki sjávar, fuglar
8. bekkur: Helgafell, Haugasvæði, Páskahellir - gróður, saga, jarðfræði
9. bekkur: Stórhöfði, Brimurð, Klauf, Sæfjall - fuglar, þörungar, jarðfræði, gróður, veður
10. bekkur: Aðstoðar yngsta stig - önnur verkefni

Göngudagur hefur verið í skólanum um árabíl. Þá fara bekkir í fyrirfram ákveðna gönguleið sem hver árgangur á. Því kynast nemendur gönguleiðum í sinni heimabyggð, örnefnum og sögum á stöðum sem komið er við á. Eitt verkefni þróunarhóps var að fara yfir þessar gönguleiðir og endurskoða.

Talsvert samstarf er við Náttúrugripasafnið, Surtseyjarstofu, Byggðasafn Vestmannaeyja og Þekkingarsetur Vestmannaeyja og þá sérfræðinga sem þar starfa. Farið er með námshópa á þessa staði þar sem þeir fá markvissa fræðslu um ákveðið efni en einnig hafa þessir sérfræðingar komið í skólann og aðstoðað við verkefni.

Teknar voru í notkun ferilmöppur sem nemendur fá afhentar í 1. bekk og vinna með alla sína grunnskólagöngu. Þegar nemendur útskrifast úr 10. bekk fá þeir þessar möppur afhentar og eiga þá gott safn verkefna um náttúru Vestmannaeyja. Verkefni sem nemendur vinna með sem tengjast náttúru Vestmannaeyja fara í þessa möppu sem og önnur verkefni sem falla til í hefðbundinni náttúrufræðikennslu.

Skólinn hefur komið sér upp skólalundi með eldstæði. Hugmyndafræðin á bak við hann er að þangað geti kennarar farið með námshópa og unnið verkefni, eldað og farið í útileiki. Þegar hafa nokkrir kennara farið á námskeið í útiildun og eru byrjaðir að fara í skólalundinn með námshópa. Svæðið sem skólinn sóttist eftir hjá Vestmannaeyjabæ fékkst úthlutað gegn því að skólinn tæki að sér að að græða það upp og sjá um svæðið þ.e. taka svæðið í fóstur. Þar með hafa fengist mörg skemmtileg verkefni til að takast á við á næstu árum. Leikskólum bæjarins hefur líka verið boðið að nýta sér skólalundinn okkar fyrir hin ýmsu útiverkefni. Í haust á náttúruvísindadögum á síðan að efna til hugmyndsamkeppni um nafn á svæðið.

Til að auka enn frekar þekkingu nemenda á náttúrunni í Vestmannaeyjum var ákveðið að hver árgangur vinni með eina plöntu sem vex í Vestmannaeyjum, einn varpflugl og einn fisk sem veiðist við Eyjarnar. Þannig að við lok 10. bekkjar hafa nemendur öðlast góða þekkingu á 10 plöntum, 10 varpfluglum og 10 fiskum.

Plöntu-, fugla- og fiska verkefnalisti:

1. bekkur	Lóa	Krækilyng	Ýsa
2. bekkur	Fýll	Hvítsmári	Koli
3. bekkur	Rita	Gley-mér-ei	Steinbítur
4. bekkur	Tjaldur	Sóley	Karfi
5. bekkur	Skrofa	Njóli	Loðna
6. bekkur	Súla	Fífíll	Þorskur
7. bekkur	Spói	Vallhumall	Rauðspretta
8. bekkur	Langvía	Blóðberg	Síld
9. bekkur	Hrafn	Hvönn	Ufsi

Þau verkefni sem safnast hafa saman í þessu þróunarverkefni eru komin á heimsíðu skólans en þar er tengill sem heitir Náttúruskóli.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Í áætlun verkefnisins var gert ráð fyrir samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum og leikskóla bæjarins. Gert var ráð fyrir að nemendum í þessum skólum yrði boðin þátttaka í verkefninu til þess að auka samfellu í námi. Þessi þáttur var of kostnaðarsamur fyrir verkefnið miðað við þann styrk sem fékkst úthlutað. Aðrir hlutar áætlunarinnar hafa staðist í meginatriðum. Ný verkefni hafa líka litið dagsins ljós sem ekki voru í áætluninni eftir því sem verkefnið þróaðist.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Það hafa ekki verið margar hindranir á vegi verkefnisins. Helst er að kennarar í eldri árgöngum þar sem margir faggreinakennara koma inn gleyma að nota ferilmöppur nemenda. Því hefur verið brýnt fyrir kennurum að setja þessar ferilmöppur inn í námsáætlanir sínar. Einnig eiga margir kennarar erfitt með að slíta sig frá námsbókunum af og til og fara út og kynnast náttúrunni af eigin raun með nemendum sínum.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Ávinningur verkefnisins er að mati verkefnisstjóra mjög mikill. Tveir náttúrufræðidagar hafa fengið fastan sess á skóladagatali skólans. Kennarar eru duglegri við að fara með nemendur sína út og sinna útinámi með þeim. Meira samstarf er innan skólans sem gerir nemendum auðveldara að flytjast á milli starfstöðva en Grunnskóli Vestmannaeyja rekur tvær starfstöðvar. Nemendur í 10. bekk hafa til að mynda farið og aðtoðað yngri nemendur á Náttúruvísindadögum og öðrum útivistardögum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins náðust að mestu. Kennsla samkvæmt hugmyndafræði útkennslu hefur aukist mjög mikið. Fjölbreyttari kennsluáferðir eru nú notaðar og hefur verkleg kennsla í náttúrufræði aukist til muna ásamt samþættingu við aðrar námsgreinar. Samstarf innan skólans hefur aukist sem og samstarf við sérfræðinga á sviði náttúruvísinda. Ferilmöppur nemenda virka mjög vel á yngri stigum skólans. Þar eru þær notaðar jafnt og þétt yfir árið og

gefa skemmtilega heildamynd af viðfangsefnum nemenda í tengslum við náttúruna. Á unglíngastigi hefur ekki gengið eins vel að fá kennara til að tileinka sér vinnu með möppurnar. Það er alveg ljóst að verkefnið heldur áfram á komandi árum þar sem Náttúruvísindadagar og göngudagur eru orðnir fastir liðir í skólanum. Þá á skólalundur skólans eftir að halda verkefninu við ásamt öðrum verkefnum. Einnig er stefnan að halda áfram að safna verkefnum inn á heimsíðu skólans og mun fagstjóri í náttúrufræði hafa umsjón með því.

Áætlað var að leggja spurningalista fyrir nemendur og starfsfólk á vordögum. Þar sem aðaláherslan í verkefninu hefur færst yfir á haustið í tengslum við sérstaka náttúruvísindadaga fannst okkur að við myndum ekki fá rétta mynd af viðhorfi nemenda gagnvart verkefninu á þessum tíma. Því var ákveðið að geyma fyrirlögn spurningalista til haustsins. Þannig verða þeir að vísu ekki hluti af þessu lokamati, en munu nýtast okkur í skólanum vel í áframhaldandi vinnu við verkefnið.

Áætlun um kynningu á verkefninu

Verkefnið hefur verið kynnt reglulega á kennarafundum í skólanum. Einnig hefur verið haldin kynning á verkefninu fyrir skólastjórnendur á Suðurlandi. Lokaskýrslan mun verða sett á heimasíðu skólans. Verkefnið verður síðan kynnt í sinni endanlegu mynd á kennarafundi í byrjun næsta skólaárs og við höfum sótt um að fá einnig að kynna það á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun og Sprotasjóðs í nóvember nk.

Staður og dagsetning:

Vestmannaeyjum 28. júní 2012

Undirskrift verkefnisstjóra

Bryndís Bogadóttir

Bryndís Bogadóttir

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

Fanney Ásgeirsdóttir

Fanney Ásgeirsdóttir